

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir námsstyrktarsjóð Ólafs Guðmundssonar og Katrínar Sveinsdóttur í Firði í Mjóafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 10. maí 1926.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá
fyrir námsstyrktarsjóð Ólafs Guðmundssonar og Katrínar Sveinsdóttur í Firði í Mjóafirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir námsstyrktarsjóður Ólafs Guðmundssonar og Katrínar Sveinsdóttur í Firði í Mjóafirði. Hann er stofnaður 1925 af eftirlifandi börnum þeirra hjóna. Tilgangur hans er að styrkja til háskólanáms, þegar stundir eða niðja þeirra og fleiri.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins, 500 krónur, hefir verið lagt í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands til æfinlegrar ávöxtunar. Stofnaukinn verður með vöxtum fjárins, sem jafnóðum leggjast við höfuðstól, ennfremur gjafir, áheiti eða framlög ættingja, er styrkja vilja sjóðinn.

3. gr.

Allar tekjur og vextir leggjast við sjóðinn uns hann hefir náð 6.000 króna upphæð. Eftir það leggjast hálfir vextir við höfuðstól, en aðrar tekjur að öllu til þess sjóðurinn nær 20.000 krónum. Þaðan af skal jafnan 1/3 vaxta lagður við höfuðstólinn ásamt aukatekjum, er koma kunna.

4. gr.

Sá hluti vaxta, sem eigi legst við höfuðstól eftir 3. gr., skal árlega greiddur háskólaráði Íslands, sem úthlutar fjenu til þeirra niðja nefndra hjóna, sem nám kunna að stunda við Háskóla Íslands, og annara, ef til kemur, eftir 6. gr. Um ættfærslu úrskurðar háskólaráðið, ef vafi er á um niðjatal. Hverju sinni, er enginn styrkhæfur, eftir framansögðu, gefur sig fram, skulu ársvextir allir lagðir við höfuðstól það ár. Háskólaráðið hefir á hendi reikningshald og vörslu eignarskírteina sjóðsins að sjóðstofnendum látnum, nema niðjar þeirra óski annars og háskólaráðið samþykki. Skal árlega birta reikning sjóðsins, eftir að hann er starfhæfur orðinn.

5. gr.

Jafnan rjett til námsstyrks eftir 4. gr. eiga allir niðjar. Enginn styrkþegi getur þó notið styrks lengur en 5 ár, nje ársstyrks hærri en 1.000 króna. En takmarkanir um þessar hámarkstölur getur háskólaráðið ákveðið, þegar styrkþegar eru margir.

6. gr.

Eftir 175 ár frá stofnun sjóðsins (ár 2100) hafa allir háskólanemendur, allir fæddir eru í Mjóafirði, jafnan rjett til styrksins, þegar enginn niður notar hann eða svo fáir, að ársstyrkur hvers mundi fara fram úr 1.000 krónum. Leita skal staðfesting konungs á skipulagsskrá þessari.

Mjóafirði, 22. nóvember 1925.

Sveinn Ólafsson. Guðmundur Ólafsson. Anna Ólafsson. Tómas Ólafsson.

Jón Ólafsson. Guðrún Ólafsdóttir. Óli Ólafsson.